Mennta- og barnamálaráðuneytið
Kalkofnsvegi 2
101 Reykjavík.
Samráðsgátt

Reykjavík, 28. október 2026

Efni: Drög að tillögu til þingsályktunar um þriðju aðgerðaáætlun menntastefnu til 2030

Samtök atvinnulífsins, Samtök verslunar og þjónustu, Samtök fyrirtækja í fjármálaþjónustu og Samtök sjálfstæðra skóla (hér eftir „samtökin“) hafa tekið til umsagnar drög að tillögu til þingsályktunar um þriðju aðgerðaáætlun menntastefnu til 2030, mál S-210/2026.

Samtökin fagna áherslu stjórnvalda á grunnfærni, gæði kennslu og mælanlegan árangur auk öflugri undirbúnings í raunvísindum og tækni. Einnig fagna samtökin aðgerðum sem stuðla að betri náms- og starfsfræðslu auk stuttra hagnýtra námsleiðir.

Samtökin vilja hins vegar koma á framfæri ákveðnum athugasemdum við aðgerðaráætlunina og telja einnig að skerpa þurfi á einstökum aðgerðum og framkvæmd þeirra, einkum hvað varðar tengsl við hæfniþörf atvinnulífsins, aðgengi að iðn- og starfsnámi, stöðu sjálfstæðra skóla og möguleika fullorðinna til að ljúka námi að loknu raunfærnimati svo dæmi séu tekin.

Samtökin leggja áherslu á að reglulegt og markvisst samráð við atvinnulífið verði hluti af mótun, framkvæmd og eftirfylgni aðgerðaáætlunarinnar. Skilgreina þarf með skýrum hætti aðkomu atvinnulífsins að einstökum aðgerðum og tryggja að samráðið hafi áhrif á útfærslu þeirra og forgangsröðun.

Helstu athugasemdir samtakanna við aðgerðaráætlunina eru eftirfarandi:

1. Grunnfærni er undirstaða atvinnuþátttöku og verðmætasköpunar

Samtökin styðja eindregið að lesskilningur, íslenska og stærðfræði séu sett í forgang í aðgerðaáætluninni enda er sterk grunnfærni eitt af forgangsmálum samtakanna. Traustur grunnur á þessum sviðum er forsenda áframhaldandi náms, virkrar atvinnuþátttöku og sí- og endurmenntunar. Sterk grunnfærni gerir fólki kleift að afla sér þekkingar, beita gagnrýnni hugsun, tileinka sér nýja tækni og mæta breyttum hæfnikröfum. Veik grunnfærni við lok grunnskóla skerðir tækifæri einstaklinga og getur haft langvarandi áhrif á framleiðni, samkeppnishæfni og lífskjör. Að tryggja öllum nemendum trausta grunnfærni er því brýnt samfélagslegt og efnahagslegt verkefni. Að mati samtakanna þarf þessi forgangsröðun að birtast í betur rökstuddum markmiðum, skýrri ábyrgð og markvissri eftirfylgni. Markmiðið um að 65% nemenda nái grunnhæfni í lesskilningi árið 2030 felur í sér að rúmur þriðjungur nemenda verði enn undir þeim viðmiðum. Samtökin telja það ekki viðunandi framtíðarsýn og kalla eftir skýrri áætlun um hvernig þeim hópi verði tryggður stuðningur til að ná nauðsynlegri færni. Samtökin leggja áherslu á árleg, mælanleg markmið og að niðurstöður mælinga leiði til aðgerða. Þótt gert sé ráð fyrir árlegri skýrslugjöf ráðherra til Alþingis þarf jafnframt að liggja skýrt fyrir hver beri ábyrgð á úrbótum og innan hvaða tíma skuli bregðast við. Árangur áætlunarinnar verður að ráðast af raunverulegum framförum nemenda og því að færri ljúki

grunnskóla án þeirrar færni sem þeir þurfa til áframhaldandi náms og starfa (Inngangur og aðgerð 1.3.).

2. Námsgögn

Samtökin fagna áherslu á þróun og útgáfu vandaðra námsgagna enda ljóst að námsgagnagerð hefur verið í lamasessi um langan tíma. Góð námsgögn eru mikilvæg forsenda góðrar kennslu og framfara nemenda. Samtökin telja þó að víðtækt hlutverk Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu í námsgagnagerð geti takmarkað fjölbreytni í framboði hágæða námsgagna. Leggja þarf ríkari áherslu á að nýta þekkingu og frumkvæði sjálfstæðra útgefenda, höfunda og fyrirtækja. Með fjölbreyttari hópi námsgagnaframleiðenda má stuðla að nýsköpun og framboði sem mætir betur ólíkum þörfum skóla, kennara og nemenda. Samtökin leggja því til að við framkvæmd aðgerða um námsgögn verði tryggt gagnsætt og jafnt aðgengi sjálfstæðra útgefenda, höfunda og fyrirtækja að opinberri fjármögnun námsgagnagerðar, á grundvelli skýrra gæðaviðmiða (aðgerðir 2.1–2.3 og 2.5.).

3. Samstarf um STEM

Áhersla á STEM-greinar birtist í nokkrum aðgerðum áætlunarinnar. Þar má nefna starfsþróun kennara og endurskoðun hæfniviðmiða með áherslu á stærðfræði og náttúrugreinar, auk endurskoðunar viðmiðunarstundaskrár og útgáfu nýs námsefnis í þessum greinum (aðgerðir 1.1, 1.2, 1.8, 1.9, 2.1 og 2.3). Jafnframt er fyrirhugað að gefa út viðmiðunarbraut í STEM-greinum fyrir framhaldsskóla og efla samstarf þeirra við háskóla um nauðsynlegan undirbúning nemenda í stærðfræði og raunvísindum (aðgerðir 5.1 og 5.4). Saman geta þessar aðgerðir, að mati samtakanna, styrkt samfellu milli skólastiga, bætt undirbúning fyrir frekara tækni- og raunvísindanám og stutt við hæfniþörf atvinnulífsins. Samtökin telja einnig mikilvægt að atvinnulífið komi að mótun og framkvæmd aðgerða sem ætlað er að efla STEM-menntun og fagna því að Samtök iðnaðarins séu nefnd sem samstarfsaðili um viðmiðunarbraut í STEM greinum (aðgerð 5.1.). Með samstarfi skóla, háskóla og fyrirtækja má tengja námið betur við hagnýt viðfangsefni, tæknibreytingar og hæfniþörf ólíkra atvinnugreina. Aukið samstarf getur styrkt grunninn að frekara tækni- og raunvísindanámi og þannig stutt við hæfniþörf atvinnulífsins. Hins vegar eru Samtök atvinnulífsins (SA) og aðildarsamtök þeirra ekki sérstaklega tilgreind sem samstarfsaðilar við háskóla um gervigreind og STEM en samtökin telja mikilvægt að tryggja formlega aðkomu SA og viðeigandi aðildarsamtaka að þessum verkefnum (aðgerð 5.4.).

4. Efling iðn- og starfsnáms

Samtökin telja að iðn- og starfsnám þurfi að fá sýnilegra vægi í aðgerðaráætluninni samhliða aðgerðum tengdum STEM. Skortur á námsplássum í greinum þar sem atvinnulífinu vantar fagfólk ætti að vera sjálfstætt forgangsverkefni. Áætlunin þarf að tryggja að aukinn áhugi á iðnnámi geti leitt til inngöngu, námsframvindu og starfsréttinda. Samtökin kalla þannig eftir tölusettum markmiðum um fleiri iðnnámspláss frá árinu 2027. Kortleggja þarf synjanir eftir iðngreinum og skólum og greina á milli umsækjenda sem fá ekki inngöngu í fyrsta val og þeirra sem fá hvergi viðeigandi námspláss. Jafnframt þarf að tryggja fjármögnun sem tekur mið af raunverulegum kostnaði námsins og horfa til námsferilsins í heild, bæði náms í skóla og vinnustaðanáms. Fylgjast þarf með bið eftir vinnustaðanámi, námstíma og fjölda sem lýkur sveinsprófi. Samtökin leggja því til sérstaka aðgerð sem tryggi nægilegt framboð námsplássa, kennara, búnaðar og vinnustaðanáms, í skipulögðu samstarfi skóla og atvinnulífs.

5. Fjármálalæsi

Samtökin telja að fjármálalæsi þurfi að fá skýrt vægi í aðgerðaáætluninni og verði samþætt aðgerðum um eflingu grunnfærni, þróun námsgagna og starfsþróun kennara. Lesskilningur og talnaskilningur eru undirstaða þess að geta skilið fjármálaupplýsingar, metið kjör og skuldbindingar og tekið upplýstar ákvarðanir. Með því að tengja kennslu við raunhæf viðfangsefni, svo sem ráðstöfun tekna, sparnað, vexti og lántöku, má efla bæði grunnfærni og fjármálalæsi. Markviss fjármálafræðsla í skólum getur jafnframt dregið úr áhrifum ólíks baklands á þekkingu barna og ungmenna og stuðlað að jafnari tækifærum þeirra til að byggja upp traustan fjárhag. Samtökin leggja því til að fjármálalæsi verði gert að skyldufagi og jafnframt sérstaklega tilgreint í viðeigandi verkþáttum áætlunarinnar og að sett verði hæfniviðmið sem unnt sé að fylgja eftir með námsmati.

6. Stuttar og hagnýtar námsleiðir

Samtökin fagna því að mótaðar verði stuttar, hagnýtar námsleiðir í framhaldsskólum þar sem nemendur eiga kost á að velja fjölbreyttari leiðir til að ljúka námi (aðgerð 4.4.). Slíkar námsleiðir geta auðveldað einstaklingum að afla sér afmarkaðrar og viðurkenndrar hæfni sem nýtist í starfi og skapað grunn að áframhaldandi námi. Mikilvægt er að námsleiðirnar verði þróaðar í nánu samstarfi við atvinnulífið, byggist á skýrum hæfniviðmiðum og hafi skilgreint gildi á vinnumarkaði. Jafnframt þarf að tryggja að hægt sé að byggja áfram á náminu til frekari menntunar og eftir atvikum til starfsréttinda.

7. Raunfærnimat nýtt til að meta fyrri reynslu

Samtökin taka undir mikilvægi þess að raunfærnimat verði nýtt til að meta fyrri reynslu (aðgerð 4.4.) Samtökin benda hins vegar á að raunfærnimati til styttingar á námi þarf að fylgja aðgengi að því námi sem eftir stendur eftir að raunfærnimati lýkur. Mikilvægt er að raunfærnimat og nám í kjölfarið sé samfellt ferli að námslokum og eftir atvikum starfsréttindum. Fjárfesting í raunfærnimati nýtist ekki sem skyldi þegar einstaklingur hefur fengið hæfni sína metna og vill ljúka námi en fær ekki aðgang að þeim áföngum sem eftir standa. Atvinnulífið verður jafnframt af tækifæri til að fjölga fagmenntuðu starfsfólki. Samtökin leggja því til sérstaka aðgerð sem tryggja á einstaklingum sem ljúka raunfærnimati skýra og samfellda leið til námsloka. Framhaldsfræðsluaðilar og framhaldsskólar vinni saman að einstaklingsbundinni námsáætlun um framboð náms og tryggð verði fjármögnun viðeigandi námsplássa og sveigjanlegt námsframboð sem gerir fullorðnum kleift að ljúka námi samhliða starfi. Samtökin gagnrýna að einungis sé fjallað um raunfærnimat til styttingar á námi og telja mikilvægt að raunfærnimat verði skilgreint með skýrari hætti sem mikilvægur þáttur í menntun, hæfniþróun og tengingu náms og atvinnulífs út starfsævina. Samtökin benda í því sambandi á að aðgerðaáætlunin leggur ríka áherslu á skólastig hins formlega menntakerfis. Mikilvægt er að aðgerðaáætlunin endurspegli þá heildstæðu sýn sem fram kemur í Menntastefnu til 2030 um menntun og hæfniþróun á öllum æviskeiðum.

8. Náms- og starfsfræðsla þarf að byggjast á upplýsingum um hæfniþörf

Samtökin styðja lágmarksviðmið um náms- og starfsfræðslu (aðgerð 4.2.) og leggja áherslu á á að nemendur kynnist námsleiðum út frá áhugasviði sínu, styrkleikum og tækifærum á framtíðarvinnumarkaði. Til að lámarksviðmið skili árangri þarf hins vegar betri gögn t.d. niðurstöður færnispár og færnigreininga svo fræðslan nýtist sem best. Náms- og starfsráðgjafar eiga að hafa aðgengi að uppfærðum upplýsingum um störf, hæfnikröfur og mögulegum framtíðartækifærum svo nemendur geti tekið upplýsa ákvörðun.

Fyrirtækjaheimsóknir, starfskynningar og samstarf við atvinnugreinar þurfa líka að vera hluti af framkvæmdinni. Samtök atvinnulífsins eru ekki sérstaklega tilgreind sem samstarfsaðilar um mótun viðmiða um náms- og starfsfræðslu en samtökin telja mikilvægt að tryggja formlega aðkomu SA og viðeigandi aðildarsamtaka að þessum verkefnum.

9. Rökstudd og mælanleg markmið eru forsenda árangurs

Samtökin fagna því að í aðgerðaráætluninni séu sett fram mælanleg markmið. Skýrir árangursmælikvarðar eru forsenda þess að unnt sé að meta hvort aðgerðir skili tilætluðum árangri, tryggja eftirfylgni og hvort fjármagn nýtist með markvissum hætti. Samtökin telja hins vegar að skerpa megi á einstökum mælikvörðum þannig að þeir endurspegli betur raunverulegan ávinning aðgerðanna. Til dæmis er fjöldi útgefinna námsefnistitla takmarkaður mælikvarði á árangur (aðgerð 2.2.). Jafnframt þarf að kanna hvort efnið sé nýtt í kennslu og styðji við framfarir nemenda í lestri og lesskilningi. Á sama hátt þarf að fylgja mælingum á framboði stuttra námsleiða og fjölda nemenda eftir með upplýsingum um námslok og framvindu í frekara námi eða starfi (aðgerð 4.4). Þá þurfa árleg áfangamarkmið, skýr ábyrgð á eftirfylgni og skilgreind viðbrögð við frávikum að fylgja mælikvörðunum.

10. Jöfn staða skóla óháð rekstarformi

Samtökin leggja áherslu á að aðgerðaráætlunin nái skýrt til allra skóla en öll börn eigi að njóta sömu gæða í menntun, óháð rekstrarformi skóla. Vert er að hafa í huga að við mótun aðgerðaáætlunar í menntamálum er í sumum tilvikum nauðsynlegt að hafa sérstakt samráð við sjálfstætt starfandi skóla sem geta haft aðrar rekstraráherslur en opinberir skólar sem samráð við sveitarfélög og kennarasamtök eitt og sér tryggir ekki að komi fram. Komi til dæmis til sérstaks fjárhagsstuðnings er mikilvægt að sá stuðningur skili sér til sjálfstæðra skóla. Því er mikilvægt að sjálfstæðir skólar verði skilgreindir sem samstarfsaðilar við framkvæmd aðgerðaráætlunarinnar. Samtökin standa vörð um valfrelsi foreldra og nemenda til að geta valið um skóla til samræmis við þarfir og áherslu fjölskyldunnar og mikilvægt að stuðningur, sérfræðiþjónusta og fjármögnun fylgi nemanda, óháð því hvaða skóla hann sækir. Tryggja þarf jafnt aðgengi allra kennara að starfsþróun, leiðsögn, kjarnaefni og námsgögnum, auk fulls aðgangs að matsferli og þátttöku í landsmælingum.

11. Færnispár og samstarf við atvinnulífið

Samtökin leggja áherslu á að aðgerðir í menntamálum byggi á færnispám þ.e. markvissri greiningu á núverandi og fyrirsjáanlegri hæfniþörf vinnumarkaðarins. Á Íslandi skortir þróað kerfi fyrir færnispár, líkt og til staðar er á öðrum Norðurlöndum, og skortur er á gögnum og samræmdu, stöðugu spáferli. Einn helsti kostur færnispáa er að þær geta brúað bilið milli menntakerfis og atvinnulífs. Ef spár og greiningar benda til þess að eftirspurn eftir ákveðinni hæfni muni aukast má bregðast við með markvissari hætti, til dæmis með þróun nýrra námsleiða, fjölgun námsplássa þar sem þörfin er mest og eflingu starfsnáms svo dæmi séu tekin. Enn fremur býr atvinnulífið nú þegar yfir þekkingu á þróun starfa, tæknibreytingum og hæfnikröfum sem mikilvægt er að nýta við ákvarðanir um námsframboð, námsinnihald og náms- og starfsráðgjöf. Með samstarfi við atvinnulífið má tengja nám betur við raunveruleg viðfangsefni, styrkja vinnustaðanám og stuðla að því að menntakerfið geti brugðist tímanlega við breyttri hæfniþörf.

Samtökin leggja áherslu á að reglulegt og markvisst samráð við atvinnulífið verði hluti af mótun, framkvæmd og eftirfylgni aðgerðaáætlunarinnar sem og við frekari stefnumótun í menntamálum. Hvorki Samtök atvinnulífsins né aðildarfélög þeirra eru t.d. sérstaklega

tilgreind sem samstarfsaðilar um mótun nýrrar menntastefnu frá 2030. Samtökin telja mikilvægt að tryggja formlega aðkomu SA og aðildarsamtaka að mótun menntastefnu.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins



f.h. Samtaka verslunar- og þjónustu



f.h. Samtaka fyrirtækja í fjármálaþjónustu



f.h. Samtaka sjálfstæðra skóla

